

38. Phumipravan, Nualjan, verkakona, f. 28. október 1963 í Tælandi.
39. Prigge, Rita, húsmóðir, f. 9. ágúst 1938 í Þýskalandi.
40. Reyes, Arlene Velos, verkakona, f. 28. nóvember 1963 á Filippseyjum.
41. Rissakorn, Rinda, húsmóðir, f. 15. mars 1955 í Tælandi.
42. Rzepnicka, Teresa, verkakona, f. 17. júlí 1958 í Póllandi.
43. Samper, Jökull Þorri, framreiðslumaður, f. 25. október 1971 í Reykjavík.
44. Secong, Eleanor Amate, verkakona, f. 7. maí 1950 á Filippseyjum.
45. Shimmyo, Daniel Yoshio, nemi, f. 18. september 1971 á Seyðisfirði.
46. Solbakken, Gunnar Ludvig, verkamaður, f. 22. júlí 1942 í Noregi.
47. Susan Ann Björnsdóttir, tækniteiknari, f. 21. mars 1955 í Englandi.
48. van der Valk, Theodora Josephine, leiðsögumaður, f. 30. október 1931 í Hollandi.
49. Vilhjálmur Árnason, nemi, f. 22. janúar 1969 í Vestmannaeyjum.
50. Weber, Barbara Piekut, húsmóðir, f. 27. október 1961 í Póllandi.
51. Witt, Sigurður Sverrir, skrifstofumaður, f. 24. apríl 1965 í Bandaríkjunum.
52. Yaghi, Hassan Hassan, starfsmannastjóri, f. 20. nóvember 1960 í Líbanon.
53. Överby, Bernharð, sjómaður, f. 4. júlí 1945 í Reykjavík.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988,
sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðist svo:

Að skipta á húsbrefum og fasteignaveðbrefum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði, sbr. c-lið 2. mgr. 36. gr.

2. gr.

43. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, orðist svo:

Skipta má á fasteignaveðbréfum fyrir húsbref fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar. Ráðherra ákveður með reglugerð hvert hlutfall þetta skuli vera og getur hann ákveðið að hlutfallið vegna nýbygginga eða kaupa á íbúð í fyrsta sinn sé hærra en lánshlutfall vegna annarra fasteignaviðskipta.

Húsbréfadeild setur reglur um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um húsbréfiðskipti í tengslum við endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði taka þó ekki gildi fyrir en 1. september 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 35. gr. laganna, sbr. lög nr. 76/1989 og lög nr. 70/1990, er húsbréfadeild heimilt fyrstu 12 mánuðina eftir gildistöku laganna að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði til greiðslu á skuldum íbúðareigenda í greiðsluferfiðleikum. Fjárhæð fasteignaveðbréfs má ekki vera hærri en svo að andvirði þeirra húsbréfa, sem fást við skuldabréfaskiptin, nægi til að greiða fyrirbyggjandi kröfur miðað við skráð söluverð húsbréfa á þeim degi sem húsbréfadeild samþykkir skuldabréfaskiptin. Skilyrði fyrir afgreiðslu eru eftirfarandi:

- a. Fjárhagsvandi umsækjanda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduaðstæður.
- b. Fyrir liggja að skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjanda.
- c. Skuldareigendur samþykki greiðslu skulda umsækjanda með húsbréfum.
- d. Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabréfaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um 20% af heildarlaunum hans.
- e. Umsækjandi uppfylli að öðru leyti skilyrði laga þessara.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.